

1871. skjali sínu. Um málalokin væntum vèr að fá skýrslu, þegar að
20. oktbr. því kemur.

23. oktbr. **92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um uppreist fyrir prestsekkju.**

Um leið og vèr sendum yður, herra amtmaður, konunglegt leyfisbréf, sem veitir, að Guðbjörg Aradóttir, ekkja sèra Þorsteins Jónssonar á Þóróddstað í Þingeyjarsýslu, megi, þótt hún hafi gjört sig seka að legorði, njóta þeirra réttinda, sem prestsekkjur á Íslandi eiga tilkall til, mælumst vèr til, að þèr fáið henni tðð leyfisbréf, gegn því að hún greiði 16 rd. 80 sk., sem er lögbóðið gjald fyrir það, og verðið þèr að gjöra grein fyrir þessu fè í næsta reikningi yðar um gjöld þau, sem þèr takið við fyrir konungleg leyfisbréf.

31. oktbr. **93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um klausturgóz í Vestur-Skaptafellssýslu.**

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. febr. og 7. nóvbr. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað álitsskjöl frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu og umboðsmanni Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklausturs um bænarskrá nokkra, þar sem settur málafærlumaður við hinn íslenska landsyfirrett, Jón Guðmundsson, sækir um:

A. 1. að settir verði þrír reyndir menn til að gjöra uppástungur um nýtt jarðamat klausturgózens í Vestur-Skaptafellssýslu, og um hæfilegan gjaldmáta fyrir jarðirnar, sem heyra undir tðð góz;

2. að gjörð verði uppástunga til bráðabirgða um það, að afgjaldið af þeim jörðum, sem geta borið meira afgjald, en hingað

til hefir verið galdið, verði hæfilega hækkað, þangað til hið nýja jarðamat verði staðfest;

3. að greiða megi helming landskuldar eptir lækkaðri verðsetning, þannig, að hvert álnarvirði sé talið 8 sk., en hinn helminginn annaðhvort í ull, smjöri og tólg í landaurum, eða í peningum, samkvæmt meðalverði allra meðalverða, og skuli það vera komið undir leiguliðanum, hvort hann vill heldur;

4. að hætt verði við að skipta jörðunum í smábýli, og að þær jarðir, sem skiptar hafa verið í parta, verði aptur sameinaðar;

5. að veittur verði styrkur til að stofna verðlauna sjóð fyrir Vestur-Skaptafellssýslu, til að hvetja menn til búnaðarbóta;

B. að veitt verði leiguliðunum lækkun á jarðarafgjaldi frá fardögum 1868 til fardaga 1871 eða frá fardögum 1869 til fardaga 1872, til þess að bæta hin bágu kjör þeirra, þannig, að helmingurinn af landskuldinni verði goldinn eptir gömlu lagi á $4\frac{1}{2}$ sk. hver alin í staðinn fyrir á 8 sk.

Með bréfi 29. marz þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, jafnframt sent bréf frá settum málafærlumanni við landsyfírréttinn, Jóni Guðmundssyni, og kveðst hann þar munu senda stjórnarráðinu nákvæmari uppástungu um málið, og sér í lagi um það atriði, sem getið er um undir staflíð A. 5.

Stjórnarráðið hefir skotið málinu á frest til þess að bíða eptir þessari uppástungu frá málafærlumanni Jóni Guðmundssyni, en með því hún enn þá ekki er komin hingað, finnst stjórnarráðinu, að ekki sé rétt að draga lengur að leggja úrskurð á málið, og gefum vör yður því til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, eins og hér skal sagt:

um A 1—3. skal vísað til bréfa stjórnarráðsins til stiptamtmanns 12. maí 1869 og 9. marz s. á.¹, en með þeim virðist úrskurður þegar vera lagður á þessi atriði;

um A 4. skal sömuleiðis vísað til nefnds bréfs 12. maí 1869, og mælumst vör til, að þér, herra stiptamtmaður, leggið hlutaðeiganda umboðsmanni fyrir, þegar þau býli undir tæðu klaustur-

1871.
31. októbr.

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, II., 623 og 608.

1871.

31. októbr.

gózi losna, sem virðast vera of smá til þess að framfæra hjón og hjú, að senda uppástungur til stiptamtsins um samlagning slíkra smábýla, og veitum vér yður eptir atvikum heimild til, að staðfesta þessar samlagningar, en samt skal í hvert skipti senda stjórnarráðinu skýrslu um það.

um B: Eptir því, sem fram er komið, höfum vér ekki fundið ástæðu til að veita þá linun í jarðarafgjöldum, sem sókt er um undir þessum staðið.

Um spurningu þá, sem upp hefir verið borin í þessu máli, um það, að hingað til hefir eigi verið goldin fátækra tíund af klausturjörðunum, skal vísað til bréfs stjórnarráðsins 28. febr. f. á., og jafnframt að því leyti, er snertir aukaútsvar til fátækra, gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, að fátækra tíund verði goldin fyrir þá leiguliða, sem nú eru, af umboðstekjunum, en í nýjum byggingarbréfum verði gjört leiguliðunum að skyldu, að greiða fátækra tíund af jörðunum; ennfremur leyfir stjórnarráðið, eptir því, sem þér hafið skýrt frá, að megi verja 300 rd. af því fê, sem fyrir yfirstandandi reikningsár er ætlað til óvissra útgjalda fyrir Ísland, til útbýtingar, eptir því sem yður finnst bezt við eiga, meðal þeirra hreppa í tæðri sýslu, sem mest eru þurfandi, og höfum vér boðið landfógeta að greiða fê þetta úr jarðabókarsjóðnum.

Jafnframt og vér búumst við, að fá tillögur yðar viðvíkjandi því, að fjölga innstæðukúgildunum á tæðu klausturgózi, sem getið er í álitsskjali sýslumanns, sendum vér yður eptirrit af áleti frá skipstjórnarmanninum á herskipinu »Fylla«, »Kapt. Tuxen« um uppástungu Árna sýslumanns Gíslasonar um, að búa til höfn við Dyrhólma (*Portland*), og skal því við bætt, að stjórnarráðinu finnst óráðlegt, að leggja út í þetta, sem mun verða fjarska kostnaðarsamt, ef því á annað borð yrði komið til leiðar.